



## Fundargerð

### Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 6/2024 (nr. 107)

Dagsetning: 19. september 2024, Kl. 15:00 – 16:35

Staðsetning: TEAMS

---

**Fundinn sátu eftirtalið háskólaráðsfolk:** Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Laufey Haraldsdóttir (LH), Einar K. Guðfinnsson (EKG), Lilja Sigurlína Pálmadóttir (LSP) og Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS). Sveinn Margeirsson (SM) mætti ekki og Róbert Smári Gunnarsson (RSG) hefur óskað eftir að hætta í háskólaráði og mætti ekki. Rætt hefur við Nemendafélagið að finna nýjan fulltrúa fyrir nemendur. GJS ritaði fundargerð.

HS leggur fyrir dagskrá og stýrir fundinum.

#### Dagskrá 6. fundar 2024:

1. Dagskrá fundar nr. 107 *Til samþykktar*
2. Fundargerð fundar nr. 106 *Til samþykktar*
3. Fundadagskrá skólaársins 2024/2025 *Til samþykktar*
4. Nemendur og upphaf kennslu *Til upplýsinga*
5. Fjármál
  - a) fjárlagafrumvarp *Til upplýsinga*
  - b) fjármálalíkan háskóla *Til upplýsinga*
6. Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH *Til upplýsinga*
7. Húsnæðismál Háskólans á Hólum *Til upplýsinga*
8. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald *Til upplýsinga*
9. Önnur mál

#### Afgreiðslur:

1. Dagskrá fundar 107, nr. 6/2024
2. Fundargerð fundar 106, nr. 5/2024
3. Fundadagskrá skólaárið 2024-2025. Gert er ráð fyrir að halda fundi þriðja fimmtudag í mánuði kl. 15:00 og alla jafna á Teams á tímabilinu september 2024 til og með júní 2025.

Liðir 1, 2 og 3 voru samþykktir.

4. Nemendur og upphaf kennslu.

Um 160 umsóknir í nám við skólann fyrir umsóknarfrestinn 1.júní en tekið við umsóknum fyrir námsbrautir sem gátu bætt við sig nemum fram í skólabyrjun þannig að umsóknir voru heldur fleiri.

Að auki sækja að jafnaði rúmlega 100 nemar um meistaranám við HH í gegnum umsóknargáttir erlendra háskóla, fyrir námsleiðir sem unnar eru í samvinnu við Háskólann á Hólum. Þetta á við meistaranámið MARBIO (sjálfbærri framleiðsla og nýting sjávarafurða) en þar voru teknir inn um 20 meistaranemar, og NOFRI



(útvistarfræði) þar sem einnig var tekinn inn hópur af nemendum en þó heldur minni en í MARBIO námið. Þar sem mikil áhersla er á gagnsæi varðandi nemendafjölda gagnvart ráðuneytinu þarf að skoða hvernig hægt er að koma þessu á framfæri í nemendaskráningu HH. Mikilvægt að gefa rétta mynd af nemendafjölda við HH sem og að gera erlent samstarf sýnilegra.

Breyting frá fyrra ári er að háskólarnir mega taka gjald fyrir umsóknir utan EES-svæðisins (um 50 EUR/umsókn). HH hefur tekið þetta upp og við það fækkaði umsóknum en hlutfall samþykktra umsókna jókst verulega við þetta.

Nýnemadagar HH tókust einstaklega vel í ár, voru vel skipulagðir og góð mæting.

## 5. Fjármál.

a) HS kynnti fjármálalíkan háskóla/árangurstengd fjármögnun háskóla. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið hefur birt greinargerð sem ber heitið „Árangurstengd fjármögnun háskóla“ og er verkfæri stjórnvalda til að kveða úr um skiptingu fjármagns til háskólanna á gagnsæjan og sanngjarnan máta, og skapa um leið jákvæða hvata fyrir skólana að sækja fram.

b) Fjármálafrumvarpið.

HS gerir grein fyrir hvernig fjárlagafrumvarpið 2025 er að koma til móts við HH á þessu ári.

Í fjárlagafrumvarpinu er veitt heimild í 6.gr. (4.24) til: „Að kaupa hesthús við Brúnastaði í Hjaltadal vegna hestafræðideildar Háskólans á Hólum.“

Einnig kemur fram í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins að Hólaskóli fær 199 m.kr. framlag út af markmiðum um eflingu byggðar. Forsenda fyrir því að samstæða HÍ og Hóla haldi þeim framlögum er að skólastarf sé ekki rekið á höfuðborgarsvæðinu.

Þá kemur einnig fram hjá HS að í fjármálaáætlun 2025-2029 eigi að veita 350 m.kr. til uppbyggingar húsnæðis við HH, í þágu fiskeldis- og rannsóknaraðstöðu auk aðstöðu fyrir námsbraut í hestafræði. Árið 2025 eru 200 m.kr. eyrnamerkta þessu verkefni. Unnið er að því í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkiseigna (FSRE) að bjóða út rannsóknaraðstöðuna og stefnt á að gera það í haust.

## 6. Myndun háskólasamstæðu.

HS upplýsir um að þann 9. september sl. skrifuðu skrifstofustjóri HVIN og rektorar HH og HÍ undir þríhliða samning v. verkefnis um myndun háskólasamstæðu sem styrkt er af Samstarfssjóði háskóla.

Markmiðið er að stofna samstæðuna og skrifa undir þríhliða samkomulag í desember 2024. Í samningnum verður lagt kapp á að hver háskóli og stofnun innan samstæðunnar haldi sinni sérstöðu og styrkleikum og að nauðsynleg uppbygging innviða eigi sér stað sem forsenda fullgildrar þátttöku í samstæðunni. Útfærsla á sameiginlegri yfirstjórn verður gerð með hliðsjón af 4.gr. laga um opinbera háskóla



nr. 85/2008. Samningurinn mun taka til fjárhags- og húsnæðismála háskóla og stofnana innan samstæðunnar. Samningurinn mun taka til ákvörðunar um framtíðarstarfsemi og skipulag einstakra háskóla eða stofnunar. Stefnt er að því að samstæðan taki til starfa 1.janúar 2026. Stefnt er að því að sækja aftur í Samstarf háskóla til að klára fjármögnun á myndun háskólasamstæðu.

7. Húsnæðismál.

HS greinir frá stöðunni í húsnæðismálum HH á Hólum og Sauðárkróki.

Nú er á lokametrinum skýrsla á vegum FSRE um frumathugun á lagareldishúsi á Sauðárkróki. Eftir það verður farið í hönnun á kennslu- og rannsóknahúsnæði á Sauðárkróki. Í framhaldinu sköpuðust umræður um gamla skólahúsið á Hólum og framtíð þess.

8. Framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal og staðarhald.

HS upplýsir um störf nefndar sem er starfandi og fjallar um framtíðarskipulag Hólastaðar. Nefndin hefur fundað reglulega og er gert ráð fyrir að skila af sér tillögum í byrjun október en því mun seinka um að minnsta kosti einn mánuð.

HS upplýsir um að Hjaltadalur ferðapjónusta hafi sent bréf til rektors um riftun á samningi, er varðar veitingasölu, milli HH og fyrirtækisins þann 31.ágúst sl. en fyrirtækið sér enn um sölu gistingar á Hólastað. Verið að vinna í því að hægt verði að kaupa léttan mat á Hólum og útbúa eldunaraðstöðu þar sem starfsmenn geta hitað upp mat sjálfir.

9. Önnur mál

Jafnlaunavottun.

HH er komið með fyrsta stig í jafnlaunavottun en vantar að fara á næsta stig sem meðal annars felur í sér starfamati. Ákveðið hefur verið í samráði við Jafnréttisstofu og mannauðsstjóra HÍ, og eftir umræðu inni í framkvæmdaráði HH að fresta því stigi þar til ný háskólasamstæða hefur tekið til starfa.

Reglur um nýráðningar og framgang reiðkennara.

Ábending barst frá framkvæmdastjóra HH um reglur er varða nýráðningar og framgang reiðkennara samrýmast ekki öðrum reglum skólans né virki til framgangs reiðkennara eins og staðan er. Ákveðið að láta þær standa áfram. Hins vegar þarf að skoða nánar hvernig reiðkennarar geta fengið framgang í starfi og að reglur um það séu í samræmi við aðrar reglur skólans sem og stofnanasamninga viðeigandi stéttarfélag.

Fundið slitið kl. 16:35.